

Maí 2011

# Handbók

## Foreldrafélags Myllubakkaskóla

# FFM

Útgáfa 3.0



***Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ***

Gæðaverkefni foreldrafélaga í Reykjanesbæ

**Markmið með útgáfu handbókarinnar er:**

- að bæta starf foreldrafélagsins
- að auðvelda störf stjórnarfólks

**FFGÍR**

# 1 Inngangur

Handbók þessi er liður í gæðaverkefni þar sem foreldrafélög og skólaráð grunnskólanna í Reykjanesbæ (FFGÍR) setja fram stefnumörkun í samstarfi við verkefnið “**Reykjanesbær á réttu róli**”, undir heitinu “**Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ**”. Um er að ræða gæðaverkefni þar sem félagin setja fram upplýsingar um starfshætti, skipulag og markmið sín.

Ætlunin er að handbókin auðveldi stjórnarmönnum störfin og auki aðgengi foreldra að upplýsingum um félagið. Hægt er að nálgast handbókina hjá skólaritara, einnig er tryggður aðgangur að henni á heimasíðu skólans sem er [www.myllubakkaskoli.is](http://www.myllubakkaskoli.is). Þar er hægt að koma fyrirspurnum eða athugasemdum á framfæri til stjórnar Foreldrafélags Myllubakkaskóla (hér eftir ritað FFM) og erindum til foreldraráðs.

Í viðauka handbókarinnar er að finna ýmsar breytilegar upplýsingar, s.s. um stjórnarmenn og bekkjarfulltrúa. Gert er ráð fyrir að viðauki sé endurskoðaður á hverju hausti sem og stefnumið stjórnarinnar.

## 1.1 Markmið

Með þessu gæðaverkefni mælist FFGÍR til að öll foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ taki þátt í samstíga skrefi félaganna í átt að enn betra starfi með það að markmiði:

- Að bæta starf foreldrafélaga
- Að auðvelda störf stjórnarfólks

## 1.2 Leiðir

Foreldrafélögin setji fram stefnumörkun sína í handbók sem þessari þar sem fram koma upplýsingar um starfshætti, skipulag, markmið og leiðir. Við gerð handbókarinnar hafa foreldrafélögin haft aðgang að launuðum starfsmanni frá RÁRR. Handbækurnar verða kynntar í ársbyrjun 2003.


Markhópar: Foreldrar, foreldrasamtök, skólar, bæjaryfirvöld og fjölmiðlar

**Myllubakkaskóli er elsti starfandi grunnskólinn í Reykjanesbæ.  
Hann var stofnaður 17.febrúar 1952 og hét þá Barnaskólinn í Keflavík.  
Foreldrafélag við skólann var stofnað 1977 og hefur komið  
að skólastarfinu með ýmsum hætti.**

# 2 Markmið og skipulag

Félagar í FFM teljast allir forráðamenn nemenda í skólanum.

Skólaráð skipa 3 forráðamenn nemenda í skólanum.



Myndræn tengsl foreldrafélaga – skólaráða við skóla, FFGÍR og fræðsluráð

## 2.1 Almenn markmið

Yfirmarkmið FFM kemur fram í 2.gr. laga, það að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og stuðla að jákvæðu samstarfi milli heimila og skóla.

Hvernig FFM hyggst ná fram markmiðum sínum er nánar lýst í handbók þessari.

## 2.2 Uppbygging stjórnar

Stjórn FFM skipa 7 foreldrar/forráðamenn, þar af einn úr skólaráði. Aldrei skulu fleiri en 4 ganga úr stjórn í einu. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem haldinn er að vori ár hvert. Fráfarandi formaður FFM skal boða til fyrsta stjórnarfundar nýkjörinnar stjórnar ekki seinna en viku frá aðalfundi. Á fyrsta stjórnarfundum afhendir fráfarandi formaður nýrri stjórn gögn félagsins. Nýkjörin stjórn skiptir þá með sér verkum.

## 2.3 Verksvið og starfsreglur

Stjórn FFM hefur fasta fundi einu sinni í mánuði á kennarastofu Myllubakkaskóla. Formaður hefur lykil að skólanum og boðar til fundanna auk þess að leggja fyrir dagskrá fundarins. Ritari ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er síðan sett á vef foreldrafélagsins. Ýmis gögn félagsins eru í vörslu stjórnarformanns og eru geymd í kössum FFM í skólanum.

## 2.4 Lög FFM

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag Myllubakkaskóla í Keflavík.
2. grein Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda og efla hag skólans. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:
  - a) Að halda fundi/fyrirlestra, þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni, í samstarfi við FFGÍR.
  - b) Að skipa 3 bekkjarfulltrúa innan hvers bekkjar sem hafa yfirumsjón með bekkjarstarfi. Einn þeirra skal vera tengill við stjórn.
  - c) Að stjórn félagsins boði bekkjarfulltrúa til sameiginlegs fundar, a.m.k. einu sinni á hverri önn.
  - d) Að styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.
4. grein Stjórn félagsins skipa 7 foreldrar/forráðamenn, þar af einn úr foreldraráði. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Aldrei skulu fleiri en 4 ganga úr stjórn í einu.
5. grein Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
6. grein Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn.



- 
7. grein Aðalfundur skal haldinn að vori og skal boðaður með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
8. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Maí 2011..

## REGLUGERÐ um skólaráð við grunnskóla.

### 1. gr.

#### *Hlutverk og skipan.*

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skóla-  
samfélags um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndar-  
samfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

### 2. gr.

#### *Verkefni.*

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndar-  
samfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, al-  
mennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamála-  
ráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari  
málgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki  
sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.



---

### 3. gr.

#### *Kosning.*

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

- a. tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi,
- b. einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess,
- c. tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- d. tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- e. skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.

Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.

### 4. gr.

#### *Starfsáætlun.*

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skólaráðs skulu m.a. taka mið af stærð skóla, fjölda árganga og öðrum einkennum hans.

Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

Skólaráð starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skylt er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Halda skal gerðabók um skólaráðsfundi og skulu fundargerðir liggja frammi í skólanum og á vef skóla.

Skólaráð getur sett sér nánari starfsreglur.

### 5. gr.

#### *Þátttaka nemenda í skólaráði.*

Fulltrúar nemenda skulu ávallt eiga þess kost að taka þátt í starfi skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir er varða skólahaldið og um meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla.



Skólastjóri getur, að höfðu samráði við nemendur og aðra fulltrúa í skólaráði, leyst fulltrúa nemenda undan setu í skólaráði, t.d. þegar mál eru á vinnslustigi og þegar verið er að fjalla um mál þar sem nemendur telja sig ekki hafa forsendur til þátttöku. Fulltrúar nemenda hafa þó ávallt rétt á að taka þátt í starfi skólaráðs.

Fulltrúar foreldra í skólaráði gæta hagsmuna nemenda þegar þeir, vegna aldurs eða þroska, geta ekki tekið þátt í störfum skólaráðs, sbr. 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Skólaráð getur vísað erindum sem það hefur fjallað um, ásamt umsögn, til skólanefndar, foreldrafélags, starfsmannafundar eða nemendafélags.

6. gr.

*Skólaráð í samreknunum skóla.*

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknunum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

7. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 4. desember 2008.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*



---

## Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarráðs (foreldrafulltrúa/bekkjjarfulltrúa)

Í hverjum bekk skulu vera 2-3 foreldrar sem gegna starfi foreldrafulltrúa. Í upphafi skólaárs hefur FFM notið samstarfs kennara við að skipa foreldrafulltrúa. Einn þessara fulltrúa er tengiliður (tengill) við stjórn félagsins og heldur hann utan um störf fulltrúanna.

Reynsla margra skóla hefur sýnt að bestur árangur í foreldrastarfi næst með foreldra-/bekkjjarfulltrúum innan hvers bekkjar, þess vegna leggur FFM mikla áherslu á að bekkjarráð sé myndað í hverjum bekk.

Frá Heimili og skóla:

**Hlutverk bekkjarráðs** er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarráð eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarráð. Í 4. gr. laga félagsins er gert ráð fyrir að bekkjarráð séu 2-3 úr hverri bekkjardeild og ekki sé skipt um alla í einu.

**Bekkjarráð kallar saman foreldra barnanna í bekknum eigi sjaldnar en tvisvar á ári.** Þá ræða þeir við aðra foreldra barnanna í bekknum um markmið og framkvæmd bekkjarstarfs á komandi vetri.

**Bekkjarráð eru tengiliðir umsjónarkennara við foreldra** og er ætlað að tryggja gott samstarf þar á milli. Þeir skipuleggja almenna foreldrafundi í samvinnu við bekkjarkennara í upphafi skólaárs. Á þeim fundi eru lagðar línur fyrir bekkjarstarfið.

**Bekkjarráð eru einnig reiðubúnir að aðstoða kennarann** við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.

**Bekkjarráð eru tengiliðir foreldra við kennarann** og kemur sjónarmiðum þeirra á framfæri þegar þess gerist þörf.

**Bekkjarráð eru tengiliðir foreldra innbyrðis** og senda út bekkjarlista með símanúmerum og nöfnum barnanna, einnig nöfnum foreldra sé þess óskað, ef skólinn hefur ekki séð til þess.

**Bekkjarráð hafa frumkvæði að því að sem flestir foreldrar séu virkir í bekkjarstarfinu.** Best er að skipta verkefnum með foreldrum í upphafi skólaárs. Gott er að mynda hópa nokkurra foreldra til að vinna verkefni.

**Bekkjarráð sjá um að safnað sé í bekkjarmöppu** gögnum um foreldrastarf hvers vetrar svo sem fundargerðum, myndum og öðru sem gaman er að eiga til seinni tíma og fyrir nýja bekkjarfulltrúa til glöggvunar á starfi bekkjarins og skemmtunum.

**Bekkjarráð eru tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins** og skólaráð. Þeir taka þátt í fundum þess ef þess er óskað og miðla upplýsingum í báðar áttir.

**Bekkjarráð hlusta eftir sjónarmiðum nemenda** varðandi bekkjarstarf og bekkjaranda. Gott er t.d. að nemendur taki þátt í einum foreldrafundi á hverju ári þar sem málin eru rædd.

**Bekkjarráð allra bekkjardeilda í skólanum funda með stjórn foreldrafélagsins** einu sinni á önn og oftár ef þörf krefur.

**Ofangreinda skilgreiningu Heimilis og skóla hefur stjórn FFM ákveðið að styðjast við sem skilgreiningu á starfi bekkjarráðs í Myllubakkaskóla og mun kynna hana fyrir bekkjarráði. Meðal markmiða fyrir starf bekkjarráði er að taka upp a.m.k. tvennt af þessari skilgreiningu á skólaárinu 2010-2011.**



---

## 2.5 Skilgreining á þátttöku félagsins í starfi FFGÍR

FFGÍR stendur fyrir Foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjanesbæ.

Í FFGÍR sitja formenn og varaformenn foreldrafélaga og formenn foreldraráða í grunnskólum Reykjanesbæjar.

FFGÍR heldur fundi síðasta mánudag í hverjum mánuði skólaársins.

FFGÍR vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna í Reykjanesbæ og skipa skólarnir til skiptist, tvö ár í senn, áheyrnarfulltrúa foreldra í Fræðsluráð Reykjanesbæjar, sá aðili er formaður FFGÍR og varaformaður þess skóla, ritari FFGÍR.

FFGÍR er samstarfsvettvangur foreldrafélaganna og málsvari foreldra grunnskólanemenda.

FFGÍR virkar einnig sem umsagnaraðili foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu.

Innan FFGÍR hafa foreldrafélög og foreldraráð unnið sameiginlega að stefnumiðum sínum undir gæðaverkefninu: Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ.

## 2.6 Fundir - samráðsfundir innan skólans – að róa á sömu mið

Fastir fundir **stjórnar FFM** eru fyrst þriðjudag í hverjum mánuði skólaársins.

Fulltrúar FFM sitja fundi FFGIR þegar þeir eru haldnir.

FFM heldur samráðsfundi með **bekkjarráði** á hverju skólaári, einu sinni á önn. Stjórn FFM boðar til þessara funda með tölvupósti á uppgefin netföng og bréflaga á þá sem ekki hafa netföng.

FFM heldur fund með **skólastjórn** á hverju skólaári, einu sinni á önn. Fundartími er ákveðinn í samráði við skólastjóra.

## 3 Fjármál FFM

### 3.1 Tekjur

Ekki er lögbundið árgjald í FFM og er ákvörðun um fjáröflun á höndum stjórnar hverju sinni. Síðastliðin ár hefur einn gíróseðill uppá 1500 krónur verið sendur á heimili sem framlag til reksturs FFM.

### 3.2 Ársreikningar

Ársreikningar félagsins eru lagðir fram á aðalfundi á hverju vori, einnig skulu þeir vistaðir á heimasíðu Myllubakkaskóla.





---

## 4 Fræðsla og kynningar

FFM styður starfsemi Heimilis og skóla. Á skrifstofu Heimilis og skóla er að finna ýmis gögn, svo sem bækling um stjórn og rekstur foreldrafélaga, lög og skýrslur, auk margra bæklinga og annarra gagna á íslensku svo og ýmis norræn tímarit, bækur og myndbönd þar sem fá má margvíslegar hugmyndir til notkunar í foreldrastarfi.

Starfsmenn samtakanna bjóða upp á fyrirlestra í samstarfi við FFGIR, m.a. um foreldrasamninga og hafa einnig lista yfir áhugaverða fyrirlesara sem taka á ýmsum málum er varða uppeldis-, velferðar- og skólamál.

Heimili og skóli bjóða upp á námskeið fyrir bekkjarfulltrúa sem fjallar um hlutverk þeirra og tilgang, auk þess sem þeim er boðinn stuðningur með símaráðgjöf eða fundum.

### 4.1 Kynning fyrir stjórnarfolk

Nýtt stjórnarfolk fær kynningu á starfi félagsins og handbók á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Fráfarandi formaður sér um þá kynningu.

Meðal núverandi og fyrrverandi stjórnar FFM er fólk sem hefur sótt ráðstefnur og námskeið Heimilis og skóla og hvetur stjórn FFM bekkjarfulltrúa sem og aðra foreldra/forráðamenn til að nýta sér námskeið, kynningar og aðra þjónustu sem samtökin bjóða uppá.

### 4.2 Kynning fyrir bekkjarráð

Bekkjarráð fá kynningu á hlutverkum sínum sbr. lið 2.6. í samstarfi við FFGIR.

### 4.3 Kynning fyrir foreldra

Á vegum FFGÍR eru haldnir fyrirlestrar/ráðstefnur á hverju skólaári, sem bekkjarráð og stjórnarfolk er hvatt til að sækja ásamt því sem töskupóstur er sendur foreldrum allra nemenda skólans.

Málefni sem tekin hafa verið fyrir eru t.d. námsárangur barna-hvað geta foreldrar gert, skóli og skólaforeldrar, einelti, áföll og viðbrögð við þeim, leiðir til að efla foreldravitund og líðan barna í skólum.

### 4.4 Kynning fyrir nemendur

FFM hefur veitt skólanum aðgang að fræðslu/forvarnarmyndböndum félagsins.

### 4.5 Fræðsla og forvarnir

Helstu verkefni FFM á sviði forvarna hafa verið þátttaka í fyrirlestrum FFGÍR. Einnig á félagið nokkuð safn fræðslumyndbanda sem skólinn hefur til afnota.



---

## 5 Félagsstarf

Foreldrafélagið styður með beinum eða óbeinum hætti félagsstarf innan skólans sé þess óskað.

Útgáfumál

### 5.1 Fréttabréf

Félagið nýtir sér fréttabréf skólans, Mylluna, og sendir greinar í það blað sem kemur út 2x á vetri.

### 5.2 Fundargerðir

Fundargerðir eru ritaðar eftir hvern fund og sendar með tölvupósti til stjórnar og settar á heimasíðu félagsins undir líknum FFM.

### 5.3 Heimasíða

Að tilstuðla FFM var búin til ný heimasíða skólans og hvar hún opnuð haustið 2008. FFM er með link inná þeirri síðu en þar fara allar fundargerðir, hugmyndabanki fyrir foreldra gaman-saman, nöfn bekkjarfulltrúa, lög félagsins, handbókin o.fl.

### 5.4 Dagatalið

Í samvinnu við verkefnastjóra FFGIR og fjölmenningsfulltrúa Reykjanesbæjar var, skóladagatal skólans þýtt á ensku og pólsku og afhent þeim foreldrum sem þörf höfðu. Fyrsta dagatalið var afhent haustið 2009 og hefur verið afhent á hverju hausti síðan.

### 5.5 Tengsl við fjölmiðla

Stjórn FFM mun beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um skólastarfið í fjölmiðlum.



---

## Markmið stjórnar FFM skólaárið 2010-2011

- FFM hefur sett sér það markmið, að skipaðir séu foreldrafulltrúar/bekkjarfulltrúar í öllum bekkjum á hverju hausti sem haldi utan um foreldrastarfið innan bekkjanna
- FFM hefur sett sér það markmið að aðstoða nýbúa sem eiga börn í skólanum eftir fremsta megni. □
- FFM hefur sett sér það markmið, að gefa út pistla sem koma út í Myllunni a.m.k. tvisvar á ári.
- FFM hefur sett sér það markmið, að uppfæra reglulega handbók félagsins.
- FFM hefur sett sér það markmið, að hafa gott aðgengi að félaginu á heimasíðu skólans og birta þar reglulega fréttir frá félaginu.
- FFM hefur sett sér það markmið, að nota merki FFM og kynna.
- FFM hefur sett sér það markmið, að gera verkaskiptingu stjórnar skýrari þannig að vinnan sé á herðum sem flestra.
- FFM hefur sett sér það markmið, að taka þátt í sameiginlegu dagatali FFGÍR.
- FFM hefur sett sér það markmið að leggja sitt að mörkum til að bæta aðbúnað í félagsaðstöðu skólans.
- FFM hefur sett sér það markmið að beita sér fyrir því að fram fari skólakynning fyrir foreldra nemenda í 1. bekk við upphafi skólagöngu.
- FFM hefur sett sér það markmið að bjóða foreldra nýbúa velkomna til starfa í félaginu í samstarfi við verkefnahópinn.
- FFM hefur sett sér það markmið að hafa sameiginlegt jólaföndur í skólanum enn glæsilegra og skemmtilegra ár hvert.
- FFM hefur sett sér það markmið að þeir peningar sem innheimtast að hausti skili sér til foreldra aftur að vori.
- FFM hefur sett sér það markmið að styðja við ferðalög skólans.
- FFM hefur sett sér það markmið að bjóða Myllubakkaskólapeysur til sölu á hverju hausti.
- FFM hefur sett sér það markmið að styrkja sjálfstraust nemenda með því að bjóða upp á ýmsa forvarnarpætti.
- FFM hefur sett sér það markmið að standa vörð að grunnþáttum barna.
- FFM hefur sett sér það markmið að styðja við leikgleði og sköpunarþátt skólans.



## 5.6 Stjórn FFM 2010-2011

Linda Birgisdóttir	formaður
Berglind Ósk Sigurðardóttir	meðstjórnandi
Guðrún Benediktsdóttir	gjaldkeri
Gunnar Ellert Geirsson	meðstjórnandi
Guðrún Heiða Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Jóhanna Árnadóttir	meðstjórnandi
Laufey Vilmundardóttir	meðstjórnandi
Þórður Þorbjörnsson	meðstjórnandi

Viðaukar

## 5.7 Bekkjarráð Myllubakkaskóla 2010-2011

Bekkur	Nafn foreldris / nafn barns
1. SS	Gunnar Ellert / María Rós Sigrún / Guðjón Steinn
2. HT	Bjarnfríður / Bjarni Hrafn Sigríður / Mikael Máni
3. HF	Brynhildur / Ólafur Ómar
4. ES	Berglind / Sóldís Jóhanna / Kristberg
4. HM	Þurý / Árdís
5. ME	Laufey / Álfrún María Sigrún / Elvar María / Kristín Helga
6. SI	Júlíus / Ingunn Eva Pálmar / Gísli Jóna / Kristófer
7. ÍH	
7. JJ	Signý / Guðrún Pálína
8. UG	Díana / Kormákur Ásta / Sindri Kristinn Elenora Katrín / Birna



---

8. ÞG	Ástríður / Andrea Sigríður / Sindri Már
9. FK og IM	Rut / Hekla Sólveig Guðrún / Jóhanna Júlía Bára / Skúli Már
10. AV og JS	Ólafur / Ólöf Björk Hafdís / Una Karen og Ketill / Hera





---

•